

Nefndasvið Alþingis

Umhverfis- og samgöngunefnd

12. apríl 2024

Umsögn um frumvarp til laga um Náttúruverndar- og minjastofnun

Undirritaður vill í upphafi ítreka fyrri umsagnir sem lagðar voru inn vegna áforma um sameiningu stofnanna umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti sem birt var í samráðsgátt 30.05.2023 og frumvarp til laga um Loftslagsstofnun og Náttúruverndar og Minjastofnun dags. 20.09.2023. Undirritaður vill eindregið hvetja nefndarmenn að kynna sér þessar umsagnir undirritaðs sem liggja inn á samráðsgátt því í ferlinu hafa áformin í engu breyst og því standa fyrri umsagnir undirritaðs óhaggaðar og fullkomlega fyrir sínu.

Þær stofnanir sem fyrirhugað er að sameina í Náttúruverndar- og minjastofnun er hugmynd sem þegar hefur hlotið mjög mikla gagnrýni innan úr stofnannaumhverfi okkar og sérfræðinga þar sem þar þekkja best til málaflokka og stjórnsýslu. Um þetta á Umhverfis- og samgöngöngunefnd að vera fullkunnugt.

Samskonar sameiningar stofnanna hafa verið reyndar á erlendri grundu og þar sem sitjandi stjórnvöld hér á landi hafa einmitt í orði kveðnu viljað miða Ísland m.a. við norðurlöndin þá sætir furðu hvernig ráðuneytið hefur lokað augunum fyrir hinu augljósa í þeim samanburði sem ítrekað hefur verið komið á framfæri og má finna í umsögnum víða. Það eru ekki bara norðurlöndin sem hafa hafnað sameiningu stjórnsýslueininga sem þessarra heldur er því einnig svo farið um aðrar þjóðir evrópu. Engin rökstuðningur hefur ennþá komið fram af hálfu ráðuneytis um sparnað við sameiningar aðrar en þær sparnaðaraðgerðir sem að m.a. Minjastofnun Íslands hafði lagt til í upphafi þessara hörmulegu áforma en þær sparnaðaraðgerðir höfðu það hinsvegar að markmiði að auka samstarf og sameiginlega stoðþjónustu milli stofnanna t.d. með samnýtingu húsnæðis og margvíslega innri þjónustu. Engin mótrök hafa heldur komið frá ráðuneytinu þegar þeim hefur verið bent á hið augljósa að stjórnsýslulega gengur ekki upp að sameina þær stofnanir sem hér eru áform um. Náttúru- og minjavernd innihalda gerólíka stjórnsýslu þótt málaflokkar þar eins og annarsstaðar geti átt samleið á ákveðnum sviðum í samstarfi eins og gengur og gerist.

Í þeim efnum verður að lýsa furðu að ráðuneytið hafi slegið á útrétta hönd fulltrúa stofnanna. Framkvæmd skoðanakönnunar og öll framsetning hennar og túlkun ráðuneytisins á niðurstöðum á henni var fullkomin afbökun á sannleika. Þegar allt kom til alls svöruðu ekki nema 19% já við spurningunni um sameiningu viðkomandi stofnanna. Það að reyna að hefja prósentutöluna upp í niðurstöðum dugði ekki einu sinni til að mæta nema broti af því sem frekar mátti lesa út skoðanakönnun sem var mun meiri áhugi á að auka samstarf milli stofnanna.

Það hafa átt sér stað margvísleg mjög ámælisverð vinnubrögð af hálfu ráðuneytis og ráðherra á þeim tíma sem sameiningarmál þessi hafa verið í loftinu um langa hríð.

Undirritaður er fús að mæta á fund nefndarinnar sé þess óskað til að skýra þau mál nánar og svara fyrir á alla lund með staðreyndum hætti.

Virðingarfyllst
Andrés Skúlason
Form. fornminjanefndar

